

Mætti kveðst aðspurður ekki greiða kröfu gerðarbeiðanda. Fógeti áminnir mætta um sannsögli og skorar á hann að benda á eignir til fjárnáms.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsir fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarpola, fasteignina Asparlundur nr. 8, Garðakaupstað.

Fallið er frá virðingu.

Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mætta, sem er ólög-lærður og brýnir m.a. fyrir honum að tilkynna gerðarpola fjárnámið og að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Upplesið, staðfest. Gerðinni lokið.

Fimmtudaginn 2. apríl 1987.

Nr. 334/1986.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Birni Einarssyni

(Guðmundur Markússon hrl.)

Sýknað af ákæru um fjárdrátt.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Skaftaon og Guðrún Erlendsdóttir.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 5. desember 1986 til sakfellingar samkvæmt ákæru og refsíákvörðunar.

Telja verður að launagreiðanda, ákærða, hafi verið óskyldt að halda eftir við útborgun launa starfsmannanna, Ragnars Einarssonar og Finns Guðsteinssonar, fé til greiðslu opinberra gjalda þeirra meðan ekki lá fyrir krafa þar til bærs aðila, í þessu tilviki Gjaldheimtunnar í Reykjavík. Í málinu er ekki sýnt fram á að svo hafi verið.

Í héraðsdómi er réttilega greint, að Ragnar Einarsson tók sjálfur þá ákvörðun að útbúa kvittanir fyrir frádrætti af launum sínum upp

í opinber gjöld án þess að hafa um það samráð við ákærða. Ragnar kveðst hafa vitað „að fyrirtækið stóð illa fjárhagslega og af þeim sökum kveðst vitnið hafa ritað framangreindar kvittanir til að fá uppí laun sín. Þetta kveðst vitni hafa gert án þess að hafa samráð við aðra í fyrirtækinu...“ Hann lýsir starfi sínu hjá fyrirtæki ákærða svo, að hann hafi séð um „skrifstofuna“, en þó ekki haft með launaútreikning og gjaldkerastörf að gera á þeim tíma er kvittanirnar voru ritaðar. Þegar á þetta er litið ásamt því að ekki er leitt í ljós, að fyrir hafi legið krafa frá Gjaldheimtunni um frádrátt af launum hans, þykja eigi efni til að líta svo á að með ritun kvittananna hafi hann bundið fyrirtæki ákærða gagnvart Gjaldheimtunni og leyst sig þar með undan greiðsluskyldu til hennar. Hafi kvittanir hans skuldbundið firma ákærða til greiðslu á opinberum gjöldum hans er aðeins um að ræða samning einkaréttarlegs eðlis, þess efnis, að fyrirtækið hafi tekið að sér greiðslu á opinberum gjöldum hans. Vanefndir fyrirtækisins á þeim samningi varða ekki við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt því er í málsskjölum greinir fór Finnur Guðsteinsson fram á það, að fyrirtæki ákærða drægi 24.000,00 krónur af launum hans til greiðslu opinberra gjalda. Starfsfólk ákærða féllst á þessi tilmæli án þess að krafa frá Gjaldheimtu lægi fyrir um frádrátt af laununum. Samkomulag þetta um launafrádráttinn ber að skýra svo, að það hafi eigi bundið Gjaldheimtuna. Þótt samkomulagið skuldbindi hins vegar ákærða gagnvart Finni til að efna skuldbindingar hans við Gjaldheimtuna verður ekki séð af gögnum málsins að ákærði hafi bakað sér refsíabyrgð samkvæmt 1. mgr. 247. gr. alm. hgl. með því að vanefna það.

Með vísun til framanritaðs ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til, þar með talin ákvæði hans um sakarkostnað í héraði.

Um áfrýjunarkostnað fer eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Guðmundar Markússonar hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. júní 1986.

Ár 1986, mánudaginn 30. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 437/1986: Ákærvaldið gegn Birni Einarssyni, sem tekið var til dóms 5. þessa mánaðar.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 20. nóvember sl. á hendur ákærða Birni Einarssyni, Háuhlíð 20 í Reykjavík, fæddum 26. ágúst 1946 í Reykjavík.

Í ákærunni segir að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir að hafa sem einkaeigandi firmans Benson-Innréttingar, Borgartúni 27, Reykjavík, eigi staðið Gjaldheimtunni í Reykjavík skil á greiðslum eftirgreindra starfsmanna firmans, sem haldið var eftir af launum þeirra upp í opinber gjöld á tímabilinu 15. ágúst 1984 til 15. febrúar 1985:

1. Ragnars Einarssonar nnr. 7161-1531, Vesturbergi 191, Reykjavík, dregið af launum hans 15/8-15/12 1984 samtals kr. 45.062,00.

2. Finns Guðsteinssonar nnr. 2335-3598, Óðinsgötu 4, Reykjavík, dregið af launum hans þann 5/2 1985 kr. 25.000,00.

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar:

Málavextir eru þessir:

Ákærði Björn Einarsson var einkaeigandi firmans Benson-Innréttingar, Borgartúni 27 í Reykjavík, en það var tekið til gjaldprotaskipta vorið 1985.

Með bréfum Gjaldheimtunnar í Reykjavík, dagsettum 14. mars og 5. júlí fyrra árs til Rannsóknarlögreglu ríkisins var kært yfir því að fyrirtækið hefði haldið eftir af launum þeirra tveggja manna sem í ákæru greinir, þeim fjárhæðum sem þar eru einnig tilgreindar, upp í opinber gjöld þeirra.

Fyrir liggja í málinu fimm kvittanir dagsettar 15. hvers mánaðar frá ágúst til desember 1984, hin fyrsta að fjárhæð 7.994, næsta fjárhæð 7.992 og þrjár síðustu, hver að fjárhæð 9.692 krónur, allar þess efnis, að Ragnar Einarsson, sem er bróðir ákærða, hafi greitt Benson vegna Gjaldheimtunnar framangreindar fjárhæðir. Eru vanskil þessara greiðslna kærð með síðargreinda bréfinu frá Gjaldheimtunni.

Með fyrrgreinda bréfinu barst rannsóknarlögreglunni ljósrit af launaseðli frá Benson-Innréttingum þar sem fram kemur að dregið hafi verið af launum Finns Guðsteinssonar 25.000 krónur til Gjaldheimtunnar hinn 15. febrúar f.á., en fjárhæðinni hafi ekki verið skilað.

Ákærði vefengir ekki að einkafyrirtæki hans, Benson-Innréttingar, hafi

dregið af launum Ragnars Einarssonar samtals 45.062 kr. og af launum Finns Guðsteinssonar 25.000 krónur, hvort tveggja upp í opinber gjöld þeirra.

Ákærði segir að það hafi verið starfsmenn hans við skrifstofustörf sem tóku ákvörðun um að draga framangreindar fjárhæðir af launum starfsmannanna. Sjálfur gaf ákærði ekki fyrirmæli um þennan frádrátt og um frádráttinn af launum Ragnars vissi ákærði ekki fyrr en hjá bústjóra þeim sem hefur með gjaldþrot fyrirtækisins að gera. Ákærði kveðst hafa vitað um frádráttinn af launum Finns þegar hringt var í hann frá Gjaldheimtunni einhvern tíma stuttu áður en hann var boðaður til rannsóknarlögreglunnar vegna þess máls. Ákærði segir að þegar hann fékk vitneskjuna um frádráttinn af launum Finns hafi fyrirtækið ekki verið komið undir gjaldþrotaskipti.

Ákærða voru sýnd ljósrit tveggja bréfa Gjaldheimtunnar til Benson-Innréttinga, dags. 6. mars og 26. júní f.á., þar sem vakin er athygli á vanskilunum. Hann kannast við að hafa fengið þau um það leyti sem þau eru rituð, en vegna fjárhagsörðugleika og gjaldþrotsins gat ákærði ekki staðið skil á greiðslunum.

Ákærði kveðst ekki hafa gefið fyrirmæli um það að halda eftir af launum starfsmannanna upp í opinber gjöld og skila fénu ekki í þeim tilgangi að halda fyrirtækinu gangandi fjárhagslega.

Ákærði segir að almennt hafi ekki verið haldið eftir af launum starfsmanna til greiðslu opinberra gjalda, heldur hafi starfsmennirnir greitt hver um sig til Gjaldheimtunnar.

Vitnið Ragnar Einarsson viðskiptafræðingur, Vesturbergi 191 í Reykjavík, bróðir ákærða, óskaði ekki eftir að nýta undanþágurétt sinn frá vitnisburði.

Vitnið kveðst hafa starfað hjá fyrirtæki bróður síns og sjálft hafa undirritað áðurgreindar fimm kvittanir um greiðslu vegna Gjaldheimtunnar til vitnisins frá fyrirtækinu.

Vitnið vissi að fyrirtækið stóð illa fjárhagslega og af þeim sökum kveðst vitnið hafa ritað framangreindar kvittanir til að fá upp í laun sín. Þetta kveðst vitnið hafa gert án þess að hafa samráð við aðra í fyrirtækinu, en síðar þegar vitnið hafði ritað allar kvittanirnar kunni það að hafa sagt gjaldkeranum frá tilvist þeirra. Vitnið vill þó ekki fullyrða þetta og ekki man vitnið hvort það sagði ákærða frá kvittununum og heldur frekar að svo hafi ekki verið.

Vitnið kveðst hafa unnið á skrifstofu fyrirtækisins við alls konar skrifstofustörf og sá um skrifstofuna. Vitnið hafði þó ekki með launaútreikninga og gjaldkerastörf að gera á þeim tíma er kvittanirnar eru ritaðar.

Vitnið Anna Sigríður Snæbjörnsdóttir, Melshúsum í Bessastaðahreppi, kveðst hafa starfað hjá Benson-Innréttingum frá því í ágúst eða september 1984 og fram á árið 1985. Var vitnið gjaldkeri.

Vitnið kveðst ekki hafa séð þær kvittanir sem fjalla um frádrátt á launum

Ragnars Einarssonar fyrr en í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni í október sl. og vissi því ekki að dregið hafði verið af launum hans upp í opinber gjöld.

Vitnið kveðst hafa fengið fyrirspurn um það hjá Sigríði Elíasdóttur, sem vann hjá fyrirtækinu, hvort það væri í lagi að draga af launum Finns Guðsteinssonar upp í opinber gjöld. Vitnið svaraði því játandi og jafnframt að þá yrði að skila peningunum til Gjaldheimtunnar.

Vitnið segir að það hafi verið það sjálft, ákærði og fleiri starfsmenn fyrir-tækisins, sem tóku ákvarðanir um það hvernig því fé væri ráðstafað sem var til ráðstöfunar hjá fyrirtækinu hvert sinn. Vitnið man ekki hver tók ákvörðun um að slá því á frest að skila fjárhæðinni sem dregin var af launum Finns Guðsteinssonar. Það hafi komið af sjálfu sér þar sem fé var ekki fyrir hendi.

Vitnið hefur ekki vissu fyrir því að ákærða hafi verið kunnugt um að áðurgreindar 25.000 krónur voru í vanskilum til Gjaldheimtunnar. Vitnið segir að það hafi verið óvanalegt að dregið var af launum starfsfólks upp í opinber gjöld.

Niðurstöður:

Gegn neitun ákærða er ósannað að hann hafi verið hafður með í ráðum eða látinn vita af starfsmönnum sínum um áðurgreindan frádrátt af launum þeirra Ragnars og Finns upp í opinber gjöld þeirra eða að hann væri í vanskilum. Þykir því skorta af hans hálfu huglæg skilyrði til þess að draga sér fé.

Er leitt í ljós að fyrirtæki ákærða átti við fjárhagsörðugleika að etja og varð gjaldþrota stuttu eftir að dregið var af launum Finns Guðsteinssonar.

Þá þykir sannað að það hafi verið bróðir ákærða sem sjálfur tók þá ákvörðun að útbúa kvittanir fyrir frádrætti af launum sínum upp í opinber gjöld án þess að hafa um það nokkurt samráð við ákærða, en þetta gerði hann þar sem ekkert fé var til þess að greiða honum laun frá fyrirtækinu. Að öllu framansögðu virtu þykir bera að sýkna ákærða af því að hafa með refsiverðum hætti átt sök á því að greiðslunum var ekki skilað. Er ákærði því sýknaður af broti á 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

Í máli þessu er ákært til greiðslu skaðabóta. Samkvæmt kærubréfum Gjaldheimtunnar „óskaði hún eftir aðstoð“ rannsóknarlögreglunnar við innheimtu skuldar fyrirtækis ákærða. Verður eigi litið á þetta sem bótakröfu í málinu, en eigi yrði dæmt um bætur í máli þessu þar sem ákærði er sýknaður af lögbroti, sbr. 146. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála.

Þar sem ákærði er sýknaður ber að dæma samkvæmt 1. mgr. 140. gr. laga nr. 74, 1974 að allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Andra Árnasonar héraðs-dómslögmanns, 15.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Björn Einarsson, er sýknaður af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarn-
arlaun skipaðs verjanda ákærða, Andra Árnasonar héraðsdómslög-
manns, 15.000 krónur.

Þriðjudaginn 7. apríl 1987.

Nr. 18/1987.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Sigurpáli Eiríki Garðarssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 5. desember 1986 að ósk ákærða og að því er hann einan varðar, en meðákærði í héraði vildi hlíta héraðsdómi. Af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað til þyngingar.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður dómur sakadóms Reykjavíkur 2. febrúar sl. en með honum var ákærði dæmdur í 4 mánaða fangelsi (hegningarauka) fyrir þjófnað.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði verður dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurpáll Eiríkur Garðarsson, greiði áfrýjunar-